

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 85/1958. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Herði Ólafssyni**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Um lögmæti beiðni um niðurfellingu saksóknar. Kærumál.

### Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1958, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar. Ákærði hefur eigi gert neinar kröfur hér fyrir dómi, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að úrskurður héraðsdómara verði úr gildi felldur.

Ráðherra ákveður, hvort umsókn um niðurfelling saksóknar skuli borin upp í ríkisráði eða tillaga um hana lögð fyrir forseta lýðveldisins, sbr. 14. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 24. gr. laga nr. 27/1951. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1958.

Með bréfi, dagsettu 19. f. m., fór ákærði, Hörður Ólafsson hdl., fram á það, að dómarrinn legði til við dómsmálaráðherra, að saksóknin gegn sér í máli þessu félli niður. Um leið og dómari sendi ráðuneytinu skjöl málsins, til þess að því gæfist kostur á að tjá sig um frávísunarkröfu ákærða, vakti hann athygli ráðuneytisins á bréfi ákærða, þar sem framangreind tilmæli til dómarrans voru sett fram.

Í dskj. nr. 27 tekur dómsmálaráðuneytið fram, að það geti eigi orðið við tilmælum ákærða um að saksókn gegn honum verði felld niður.

Ákærði hefur haldið því fram, að eigi hafi verið gætt réttar aðferðar um afgreiðslu beiðni sinnar um lausn undan saksókn. Telur hann, að leggja hafi átt málið fyrir forseta ríkisins og

það síðan að hljóta afgreiðslu í ríkisráði. Krafðist hann þess, að málið yrði á ný vegna þessara atriða sent dómsmálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu um þá meðferð, sem hann teldi lögum samkvæma.

Eftir að dómari hafði synjað um sendingu málsins á ný til dómsmálaráðuneytisins, hefur ákærði krafizt frávísunar málsins með tilvísun til framanritaðs og þess, að hann telji það venju, að beiðni um náðun og niðurfellingu saksóknar sé send dómara málsins til umsagnar.

Málefni þetta hefur verið borið undir dómsmálaráðuneytið, sem hefur látið uppi það álit sitt, sbr. dskj. nr. 28, að eigi beri að taka til greina hina nýju frávísunarkröfu ákærða.

Þar sem dómari telur, að meðferð dómsmálaráðuneytisins á máli þessu sé lögmæt, tekur hann eigi þessa frávísunarkröfu ákærða til greina.

Valdimar Stefánsson sakadómari kveður upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa ákærða verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. júní 1958.

Nr. 82/1958. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Herði Ólafssyni**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Um lögmæti ákæru. Kærumál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Ákærði hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. júní 1958, og hefur dómsmálaráðherra veitt samþykki sitt til kærunnar. Hér fyrir dómi hefur ákærði eigi gert neinar kröfur, en ætla verður, að hann kæri í því skyni, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur.

Dómsmálaráðherra hefur eigi með höfðun aðalmálsins farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 20. gr. laga nr. 27/1951. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.